

13. fundur velferðarráðs
haldinn Aðalstræti 75, neðri hæð, 8. febrúar 2017 og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Heba Harðardóttir (HH) aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir (NLS) aðalmaður, Elísabet Kjartansdóttir (EK) aðalmaður, Jenný Lára Magnadóttir (JLM) varamaður, Kristín Brynja Gunnarsdóttir (KBG) aðalmaður og Arnheiður Jónsdóttir (AJ) félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Arnheiður Jónsdóttir, Félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. Öldrunarmál - 1702030

Velferðarráðið ræddi félagsstarf aldraðra á svæðinu. Á Tálknafirði er starfrækt félagsstarf tvisvar sinnum í viku fyrir eldri borgara og einu sinni er opið fyrir alla. Vesturbyggð er með félagsstarf á þrem stöðum í sveitarfélaginu. Á Barðaströnd er hist 1 x í viku yfir vetrartímann og hefur starfið eina stofu í skólanum í Birkimel til umráða. Á Patreksfirði er hefðbundið starf í Eyraseli, Sigtúni 17 þar sem íbúð í parhúsi er undir starfsseminu. Í Eyraseli er starfið skipulagt fyrir aldraða 2 ? 3 daga í viku. Á Bíldudal er Lækur starfræktur í parhúsi 3 daga í viku. Rætt var á fundinum möguleika á því að önnur íbúðin fari til útleigu fyrir aldraða og/eða öryrkja. Velferðarráð tók jákvætt í hugmyndina og finnst hún þarfnast frekari skoðunar.

2. Liðveisla - 1702031

Farið yfir liðveislu sem veitt er í sveitarfélaginu, tímafjöldi og tilgang.
Skráð í Trúnaðarbók

3. stuðningsfjölskylda - 1702002

Umsókn um að starfa sem stuðningsfjölskylda á Patreksfirði .
Skráð í Trúnaðarbók:

4. Stefna og framkvæmdaráætlun barnaverndar í Vesturbyggð og Tálknafirði - 1702032

Gert er ráð fyrir að stefnan sé endurskoðuð á hverju 4ára kjörtímabili.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Reglur um umboð starfsmanna í barnavernd - 1702033

Farið yfir reglurnar sem settar voru 2013. Gerð er ráð fyrir að þær séu endurskoðaðar reglulega. Reglurnar ræddar og afgreiðslu frestað til næsta fundar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:30 .

Kristín Br. Gunnarsdóttir

Danva L. Sveinbjörnsdóttir

Elisabet Þyngvadóttir

Jenny Lára Magnadóttir

Hlva Starford.